

- c. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 96 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
- d. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.
- e. Fyrir hverja smálest vatns ef selt er eftir mæli kr. 20.
- f. Framantalin gjöld hækki hlutfallslega og vatnsskattur reiknaður eftir fasteignamati.

Reglugerðarbreyting þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvamms-
tangahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess
að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. mars 1978.

Nr. 199.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. mars
1978 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Seyðisfjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og
hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Seyðisfjarðar og skipulagsstjórn ríkis-
ins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

22. maí 1978.

Nr. 200.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um heilbrigðiseftirlit með klakstöðvum og eldisstöðvum, nr. 70/1972.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi.

Eigendur eða umráðamenn klak- og eldisstöðva skulu láta fara fram sóttþreinsun
á öllum nýfrjóvguðum hrognum sem þeir hafa hug á að ala. Sóttþreinsun skal fara
fram á þann hátt sem Fisksjúkdómanefnd segir fyrir um.

Héraðsdýralæknar eða fulltrúar Fisksjúkdómanefndar sem hún tilnefnir skulu
lita eftir því að sóttþreinsun fari fram á viðhlítandi hátt. Skulu þeir er eftirlit annast
láta af hendi vottorð um það strax að verki loknu.

Skýlt er þeim sem ætla að sóttgreinsa nýfrjóvguð hrogn að tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni eða fulltrúa Fisksjúkdómanefndar með rúmum fyrirvara. Kostnað við sóttgreinsun og eftirlit skulu eigendur hrognanna bera.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. grein laga nr. 108 31. desember 1973, sbr. lög nr. 80 23. júní 1969, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisstarfi við heilsugæslustöð fulla 6 mánuði að loknu námi í læknaeild og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 63 29. mars 1963, með síðari breytingum, er hér með úr gildi felld. Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Hjúkrunarskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands.

Leiklistarskóli Íslands.

Myndlista- og handiðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Nýi hjúkrunarskólinn, 2. og 3. ár.

Stýrimannaskólar.